DALVEGUR 32. BREYTT DEILISKIPULAG.

Ferill málsins.

Tillagan var lögð fram til fyrri umræðu á fundi bæjarstjórnar 12. september 2006 og var tillagan samþykkt og skipulagsstjóra falið að auglýsa hana í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
Tillagan var auglýst frá 19. september til 17. október 2006 með athugasemdafresti til 31. október 2006. Athugasemdir bárust frá íbúum og Vegagerðinni.
Á fundi skipulagsnefndar 7. nóvember 2006 er málið lagt fram að nýju ásamt athugasemd Vegagerðarinnar. Auglýsing tillögunnar var endurbirt og var tillagan auglýst 12. desember 2006 til 9. janúar 2007 með athugasemdafresti til 25. janúar 2007. Athugasemdir bárust. Á fundi skipulagsnefndar 6. febrúar 2007 er erindið lagt fram að nýju. Frestað. Bæjarskipulagi falið að taka saman umsögn varðandi innsendar athugasemdir. Á fundi skipulagsnefndar 20. mars. 2007 var erindið lagt fram að nýju ásamt tillögu að breyttri aðkomu og umferð. Frestað. Skipulagsnefnd samþykkir umferðarlausn frá vinnustofunni Þverá dags. 7. mars 2007 þar sem komið er til móts við innsendar athugasemdir íbúa og Vegagerðarinnar og felur skipulagsstjóra að ræða við lóðarhafa um það sem fram kom á fundinum. Lagt fram að nýju ásamt umsögn bæjarskipulags dags. 23. mars 2007 og bréfi frá verkfræðistofunni Þverá dags. 3. apríl 2007. Á fundi skipulagsnefndar 3. apríl 2007 er framlögð tillaga ásamt ofangreindri umsögn bæjarskipulags samþykkt og erindinu vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Á fundi bæjarráðs 4. apríl 2007 var erindinu vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar. Þann 16. apríl 2007 hélt Bæjarskipulag Kópavogs fund með íbúum, sem gerðu skriflegar athugasemdir við auglýsta breytingu á aðal- og deiliskipulagi lóðarinnar 32 við Dalveg.
Á fundi bæjarstjórnar 13. júlí 2007 var framlögð tillaga að breyttu deiliskipulagi við Dalveg 32 ásamt umsögn bæjarskipulags dags. 23. mars 2007 samþykkt.

Kópavogi 6. júlí 2007.

Smári Smárason, skipulagsstjóri

Aðalskipulag Kópavogs staðfest af umhverfisráðherra 21. júní 2007



GILDANDI DEILISKIPULAG 2. MAÍ 1989 1:1000

BREYTING Á DEILISKIPULAGI FYRIR LÓÐINA
NR: 32 VIÐ DALVEG :

GREINAGERÐ :

ALMENNT UM GÖGN :

TIL ER DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR FYRIR LÓÐINA NR: 32 VIÐ DALVEG , SAMÞYKKT Í BÆJARRÁÐI 2. MAÍ 1989, FYRIR ATVINNUTENGDA STARFSEMI RÆKTUN Á TRJÁM, BLÓMUM OG ÖÐRUM GRÓÐRI, TENGT STARFSEMI.
BYGGINGAR:
ÍBÚÐAR,- VERSLUNAR- OG SKRIFSOFUHÚSNÆÐI ,GLERBYGGINGAR (GRÓÐURHÚS) OG VÉLAGEYMSLUR .

TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI :

BREYTINGIN GERIR RÁÐ FYRIR ATVINNUHÚSNÆÐI 1.H. OG KJ.
ÞESSAR BYGGINGAR ERU NEÐST Í SUÐ-VESTURHLUTA LÓÐARINNAR, BYGGJAST UPP TIL NORÐ-AUSTURS, STAÐSETNING BYGGINGA VERÐUR Í NORÐ-VESTURHLUTA LÓÐARINNAR .
BÍLASTÆÐI VERÐA Í KJALLARA SEM ER OPINN AÐ HLUTA TIL.
HÚSNÆÐI FYRIR STARFSMANNAAÐSTÖÐU,LAGERGEYMSLUR OG ELDSNEYTISGEYMSLU VERÐUR EINNIG Í KJALLARA .
EFST Í NORÐ-AUSTUR HLUTA LÓÐAR ER GERT RÁÐ FYRIR ATVINNUHÚSNÆÐI 2.H. OG KJ.
HÁMARKSHÆÐIR ERU GEFNAR UPP Á SNIÐMYNDUM. BYGGINGARHLUTA SEM ÓHJÁKVÆMILEGA NÁ UPP FYRIR ÞAK, T.D. ÞAKGLUGGAR OG LOFTRÆSIBÚNAÐUR MEGA ÞÓ FARA UPP FYRIR HÁMARKSHÆÐ ÞAKS.
AÐKOMA OG UMFERÐ:
AÐKOMA FRÁ DALVEGI ER NEÐST Í VESTURHLUTA LÓÐAR VIÐ LÓÐAMÖRK OG OFARLEGA Í NORÐURHLUTA LÓÐAR .
AÐKOMA FRÁ REYKJANESBRAUT ER VIÐ DALVEG NR: 20 INN Á ÓNEFNDA GÖTU Í NORÐ-VESTUR UPP ÓNEFNDA GÖTU SUNNAN LÓÐA NR: 24 – 28 VIÐ DALVEG AÐ LÓÐ NR: 30 ÞAÐAN SUNNAN VIÐ LÓÐ NR: 30 AÐ LÓÐ NR: 32 VIÐ DALVEG.
LÆKUR Á LÓÐARMÖRKUM VERÐUR SETTUR Í STOKK .
AFMÖRKUN SVÆÐIS:
LÓÐIN DALVEGUR 32 , ER NORÐ-VESTAN VIÐ DALVEG OG SUÐ-AUSTAN VIÐ REYKJANESBRAUT
GRÓÐUR:
TRJÁBELTI VERÐUR Á LÓÐAMÖRKUM VIÐ DALVEG OG NORÐ-AUSTHLUTA
GRÓÐURHÚS-SÓLUSKÁLI:
STÁLGRINDARHÚS MEÐ GLERÞAKI OG GLERVEGGJUM VERÐUR FJARLÆGT.
SKILTI Á LÓÐ :
STAÐSETNING SKILTA ER Í SUÐ-AUSTUR OG NORÐ-AUSTURHLUTA LÓÐAR. SAMANLAGÐUR FLÖTUR SKILTA ER ALLT AÐ 35,0FM.
MESTA HÆÐ ER ALLT AÐ 7,0 M. SKILTI VERÐA EKKI UPPLYST TIL NORÐURS AÐ ÍBÚÐARHVERFI

HELSTUSTÆRÐIR :

LÓÐ:	18.618,00 M2
HÁMARKSFLATARMÁL HÚSA (FM. :	9.300,00 M2
BÍLASTÆÐI :	1 : 35 M2
NÝTINGARHLUTFALL :	0,5

Skýringar

- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðamörk
- Byggingarreitur
- Bað
- Hjólmön - veggur
- K.38.30 Kótar
- Trágróður
- Akstursstefna
- Gróður


Skógarhlíð
Lækjarhjalli
Hávegur
Dalvegur
Reykjanesbraut
Dalvegur 30
Bílastæði
1h+kjallari
2h+kjallari
Undirgöng
Aðkoma
Aðkoma bílakjallara
Aðkoma bílastæði
Aðkoma bílastæði
Aðkoma bílastæði